



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2020

## **Innköllun á Kaloo leikfangabolta hjá Margt og mikið**

### **I. Málsmeðferð**

#### **1.**

Neytendastofa tók þátt í samstarfsverkefni með vörueftirlitsstjórnvöldum í Evrópu með það að markmiði að kanna öryggi mjúkdýra á íslenskum markaði. Þann 27. júní 2019 fór fulltrúi Neytendastofu í verslunina Margt og mikið, rekstraraðili Elísabet Sigurðardóttir, Holtasmára, og aflaði tveggja sýnishorna af gerðinni „Kaloo multi sound activity toy“ (sjá fylgiskjal), frá framleiðandanum Juratoys, sem er mjúkdýr sem ætlað er börnum yngri en þriggja ára. Varan var send til prófunar á faggilta prófunarstofu, Aiju Technological Institute á Spáni.

Samkvæmt prófunarskýrslu Aiju, dags. 2. september 2019, uppfyllti leikfangið við prófanir ekki kröfur samkvæmt 5. hluta staðalsins ÍST EN 71-1:2014+A1:2018 Öryggi leikfanga - Hluti 1: Kraftrænir og efnislegir eiginleikar. Við togþrófanir losnaði franskur rennilás frá leikfanginu og vegna smæðar hans telst hann smár hlutur sem getur skapað köfnunarhættu fyrir ung börn.

Með bréfi, dags. 14. nóvember 2019, var Margt og mikið upplýst um niðurstöður prófana. Þá var upplýst um heimild Neytendastofu samkvæmt V. kafla laga nr. 134/1995 til að leggja sölubann, afturkalla vöru eða taka af markaði vöru sem ekki uppfylli skilyrði laganna. Einnig var þess óskað að Margt og mikið kæmi að athugasemendum við niðurstöður prófunarinnar.

#### **2.**

Í tölvupósti Margt og mikið, dags. 19. nóvember 2019, kom fram að Margt og mikið teldi sig ekki aðila máls og niðurstöður um að leikfangið hafi staðist þrófanir lægju fyrir. Varan hafi verið tekin úr sölu á Íslandi en vísað var á framleiðanda. Einnig kæmi það innflytjanda á óvart að Neytendastofa óskaði þess ekki að sjá skýrslur um vörurnar sem útbúnar væru áður en þær væru markaðssettar á Evrópumarkaði. Í svari Neytendastofu, dags. 20. nóvember 2019, kom fram að Margt og mikið væri aðili máls sem innflytjandi leikfangsins, sbr. nánari skyldur 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu og nánar lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðgæslu. Þá óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum framleiðanda til að geta nánar upplýst hann um niðurstöður þrófananna. Vísað var til þess að um úrtaksskoðun hafi verið að ræða þar sem



sýnishorn séu tekin af markaði og send til prófunar. Þá geti leikföng fallið á prófunum jafnvel þó að framleiðandi hafi öll gögn til reiðu um að leikfangið samræmist öryggiskröfum.

### 3.

Þar sem Margt og mikið er innflytjandi leikfangsins og ber ábyrgð á markaðssetningu þess á Íslandi var forsvarsmanni verslunarinnar haldið upplýstum með því að vera í afriti af öllum samskiptum stofnunarinnar við framleiðanda.

Með tölvupósti framleiðanda leikfangsins, dags. 27. nóvember 2019, bárust prófunarskýrslur vegna leikfangsins ásamt bréfi frá gæðastjóra Juratoys um að leikfangið hafi staðist allar prófanir þegar það var sett á markað. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvaða hlutir leikfangsins hafi losnað frá þar sem textíhluti franska rennilássins teldist ekki vera smár hlutur. Sá hluti franska rennilássins sem hafi litla króka (e. hooks) teldist smár hlutur. Í svari Neytendastofu, dags. 29. nóvember 2019, kom fram að um hafi verið að ræða þann hluta leikfangsins sem teljist smár hlutur þar sem á honum séu litlir krókar. Nánari upplýsingar og myndir frá prófunarstofunni Aiju fylgdu þar með.

Í tölvupósti framleiðandans, dags. 2. desember 2019, kom fram að framleiðandinn féllist á ágalla leikfangsins. Slíkur galli væri þekktur í iðnaði með mjúk leikföng hjá þróunar- og skoðunarteymum fyrirtækisins. Þá hafi varan farið í gegnum hefðbundið gæðaferli. Því verði að ætla að um einangrað tilfelli hafi verið að ræða þar sem varan hefur verið þróuð og prófuð fyrir framleiðslu til að vera í samræmi við evrópskar kröfur. Þegar umræddur hluti franska rennilássins sem sé búinn plastkrókum sé settur í munn, muni börn reyna að losa sig við hann úr munni þar sem krókarnir valda óþægindum. Þá andi sá hluti sem sé búinn til úr textílefnum. Því verði að telja að köfnunarhætta sé mjög takmörkuð.

Með tölvupósti Neytendastofu, dags. 3. janúar 2020, var Juratoys kynnt niðurstaða úr áhættumati sem framkvæmt var af Neytendastofu. Niðurstaða áhættumatsins væri sú að leikfangið væri sérstaklega hættulegt ungm börnum vegna köfnunarhættu. Þá var þess óskað að Juratoys upplýsti Neytendastofu um hvort framleiðandinn hygðist grípa til aðgerða að eigin frumkvæði. Ella yrði Neytendastofa með vísan til V. kafla laga nr. 134/1995 að grípa til aðgerða vegna leikfangsins.

Í tölvupósti Juratoys, dags. 6. janúar 2020, kom fram að framleiðandinn teldi aðeins miðlungs hættu vegna leikfangsins. Þá hafi viðeigandi úrbætur verið gerðar til framtíðar á leikfanginu. Aðeins hafi 12 stk. verið sold til Íslands í apríl árið 2018, en þessi vara hafi aðeins verið framleidd í febrúar 2018. Í tölvupósti Neytendastofu, dags. 8. janúar 2020, kom fram að litið væri svo á að gagnaöflun væri lokið. Í framhaldi myndi Neytendastofa taka ákvörðun um hvort nánari aðgerða væri þörf.

Með tölvupósti Neytendastofu, dags. 6. apríl 2020, var óskað eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða Margt og mikið myndi grípa til. Einnig var óskað upplýsinga um hve mörg eintök hafi verið sold. Þá var Margt og mikið upplýst um að almennt í málum, þar sem smár hlutur losnaði



frá leikfangi sem ætlað væri ungum börn væri talin þörf á innköllun vegna köfnunarhættu. Engin svör bárust við póstinum og var póstur Neytendastofu því ítrekaður með tölvupósti þann 16. apríl 2020. Í svari Margt og mikið, dags. 16. apríl 2020, kom fram að boltarnir hafi verið teknir úr sölu þegar athugasemdir hafi verið gerðar en ekkert hafi verið dreift af vörunni annarsstaðar. Þann sama dag var ítrekuð beiðni Neytendastofu um hve mörg eintök hafi selst hér á landi, en engin svör bárust við því.

## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar öryggi leikfangsins „Kaloo multi sound activity toy“ sem selt var í versluninni Margt og mikið. Samkvæmt niðurstöðum Aiju profunarstofunnar, sem er faggilt, uppfyllir leikfangið ekki lágmarkskröfur um öryggi, þar sem smár hlutur féll af við togprófanir á leikfanginu sem geti valdið köfnunarhættu hjá ungum börnum. Neytendastofa framkvæmdi áhættumat og var niðurstaða þess að varan fæli í sér alvarlega áhættu vegna köfnunarhættu. Féllst framleiðandi á framleiðslugallann en taldi að leikfangið fæli aðeins í sér miðlungsáhættu. Innflytjandi leikfangsins á Íslandi er Margt og mikið hefur hætt sölu á leikfanginu. Neytendastofa óskaði eftir upplýsingum um hvort Margt og mikið myndi grípa til frekari aðgerða, s.s. innköllunar, en engar upplýsingar bárust um frekari aðgerðir.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:“*

*1. Eðli vörurnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*

*2. Áhrif vörurnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*



3. *Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*

4. *Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Framleiðsla og dreifing vöru svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vörubiðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laganna, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi þeirra en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er framleiðandi sá einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir leikfang eða lætur framleiða eða hanna leikfang og markaðssetur leikfangið undir sínu nafni eða vörumerki.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur innflytjanda. Innflytjandi skal aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öruggi. Áður en að leikfang er sett á markað skal hann, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

- „1. tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 17. gr.,*
- 2. tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn, sbr. 19. gr.,*
- 3. tryggja að leikfang beri samræmismerki og því fylgi þau skjöl sem krafist er,*
- 4. tryggja að leikfangið beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á þau eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
- 5. tryggja að leikfangið beri nafn framleiðanda, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, eða ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu.“*

Þá skal innflytjandi skv. 8. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar tafarlaust gera ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru fyrir samræmi leikfangsins, ef hann telur eða hefur ástæður til að ætla að leikfang sem hann markaðssetur sé ekki í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skal innflytjandi tilkynna um það tafarlaust til



Neytendastofu ef hætta starfar af leikfanginu, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvörðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Ekki er heimilt að festa CE-merkið á leikföng nema að undangengnu samræmismatsferli.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir m.a. staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum ÍST EN 71-1:2014 Öryggi leikfanga – Hluti 1: Kraftrænir og efnislegir eiginleikar er að finna nánar ákvæði um merkingar og viðvaranir á leikföngum, m.a. vegna leikfanga sem ætluð eru börnum undir þriggja ára aldrí. Til leikfanga sem ætluð eru börnum undir þriggja ára aldrí eru gerðar sérstaklega ríkar kröfur um öryggi.

## 2.

Samkvæmt prófunarskýrslu prófunarstofunnar Aiju Technological Institute, dags. 2. september 2019, uppfyllir „Kaloo multi sound activity toy“ ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til leikfangsins þar sem franskur rennilás á leikfanginu losnaði við togprófanir og vegna smæðar hans telst hann smár hlutur sem getur skapað köfnunarhættu fyrir ung börn. Framleiðandi leikfangsins, Juratoys, hefur fallist á að leikfangið hafi ekki uppfyllt viðeigandi lágmarkskröfur og mun gera úrbætur í framleiðslu sinni. Framleiðandi telur að smár hlutur sem losni frá leikfanginu við togprófanir skapi miðlungsáhættu fyrir ung börn.

Neytendastofa hefur framkvæmt áhættumat vegna leikfangsins í samræmi við niðurstöðu prófunarskýrslunnar. Er niðurstaða áhættumatsins að leikfangið feli í sér alvarlega áhættu þar sem smár hlutur af frönskum rennilás slitni frá við togprófanir. Við það verður hætta á köfnun hjá barni. Verður áhættumat Neytendastofu lagt til grundvallar í máli þessu.

Margt og mikið hefur hætt sölu á leikfanginu en hefur ekki tilkynnt Neytendastofu um nánari aðgerðir, s.s. um innköllun.

Með vísan til framangreinds telst „*Kaloo multi sound activity toy*“ sem Margt og mikið bauð fram á markaði ekki örugg vara í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 135/1995. Margt og mikið hefur því brotið gegn ákvæðum 5. og 9. gr., reglugerðar nr. 944/2014 og því ekki uppfyllt skyldur innflytjanda samkvæmt reglugerðinni. Fyrir liggur að Margt og mikið hefur hætt sölu leikfangsins. Með vísan til þess að alvarleg áhætta stafar af notkun leikfangsins samkvæmt áhættumati telur Neytendastofa nauðsynlegt með vísan til 21. gr. laga nr. 134/1995



og reglugerðar nr. 944/2014, að gera Margt og mikið að afturkalla leikfangið „Kaloo multi sound activity toy“, vörunr. K960289 og með vísan til 2. mgr. 22. gr. laganna að endurgreiða kaupendum andvirði vörunnar.

Afturköllun tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

### 3.

Í 1. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 944/2014 segir að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem reglugerðin taki til ef nauðsyn beri til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði. Í 2. mgr. segir jafnframt að Neytendastofu sé skylt að tilkynna til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ef við markaðseftirlit komi í ljós að alvarleg hætta stafi af vöru í samræmi við ákvæði laga nr. 134/1995. Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í RAPEX tilkynningakerfi um hættulegar vörur (Safety Gate).

### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Margt og mikið, Holtasmára 1, 201 Kópavogi, rekið af Elísabetu Sigurðardóttur, hefur boðið fram á markaði leikföng sem ekki geta talist örugg í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Margt og mikið hefur því brotið gegn ákvæðum 5. og 9. gr. reglugerðar nr. 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu og því ekki uppfyllt skyldur innflytjanda. Margt og mikið hefur hætt sölu á leikfanginu.“**

**Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal Margt og mikið afturkalla „Kaloo multi sound activity toy“ og með opinberri tilkynningu til neytenda birta viðvörun um að þeir skuli skila vörunni til Margt og mikið eða eyða vörunni (sjá myndir í fylgiskjali). Versluninni ber, með vísan til 2. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, að endurgreiða kaupendum andvirði vörunnar.“**

Neytendastofa, 29. apríl. 2020

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu nr. 15/2020

